

Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ

Heimilisfræði – 1. bekkur

Nemendur eru í heimilisfræði tvær kennslustundir aðra hverja viku. Stuðst er við kennslubókina Gott og gaman og unnar nokkrar uppskriftir úr henni. Nemendur fá m.a. að kynnast gerbakstri og læra hvernig og hvaða áhöld á að nota við baksturinn.

Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda og því tölum við m.a. um muninn á hollum og óhollum mat og mikilvægi hreinlætis.

Matsviðmið

Matur og lífshættir

Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Matur og vinnubrögð

Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.

Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Námsmat

Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum og þau verkefni sem nemendur hafa unnið við. Námsmat er sýnilegt á mentor.

Að auki fá nemendur endurgjöf eftir hvern tíma A, B+, B eða C.